

# Gjaldskrá fyrir stofngjald fyrir tengingu fráveitu og heimæðargjalds vatnsveitu Húnabyggðar



## 1. gr.

Húnabyggð innheimtir stofngjald fyrir fráveitu í sveitarfélaginu skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð (áður Blönduósþær og Húnavatnshreppur) nr. 228/2007 og heimæðargjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2007.

## 2. gr.

Stofngjald fráveitu fyrir hverja heimtaug í sérbýlishúsalóð er 302.500kr. Fyrir aðrar lóðir greiðast 363.000kr. miðað við stærð heimtaugar allt að 150mm. Stærri heimtaugar eru reiknaðar út hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Húnabyggðar.

Um rotþrær fer samkvæmt ákvæðum II. kafla í samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð (áður Blönduósþær og Húnavatnshreppur) nr. 228/2007.

## 3. gr.

Gjöld fyrir heimæðar vatnsveitu miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af skipulags- og byggingarfulltrúa Húnabyggðar.

þvermál inntaks:	32mm	40mm	50mm	63mm	75mm
Heimæðargjald:	159.500kr.	192.500kr.	247.500kr.	380.000kr.	480.000kr.

Heimæðargjald fyrir inntök >75mm eru reiknuð út hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Húnabyggðar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

## 4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um rekstur fráveitna, vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Húnabyggð og samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir stofngjöld, tengigjöld og heimæðargjöld í Húnabyggð (áður Blönduósþær og Húnavatnshreppur). Gjaldskráin var staðfest á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 12. desember 2023.

Húnabyggð, 28. desember 2023

Pétur Arason sveitarstjóri